

Sögugerð: Þrep 2

(2.–3. bekkur)

UPPBYGGING TEXTA				
		Þarfnast þjálfunar	Á góðri leið	Viðmiði náð
Lengd texta	1	Texti inniheldur þrjár málsgreinar eða færri.	Texti inniheldur fjórar til sex málsgreinar.	Texti inniheldur sjö málsgreinar eða fleiri.
Málsgreinar	2	Upphaf málsgreina er einhæft.	Einhver fjölbreytni er í upphafi málsgreina.	Upphaf málsgreina er fjölbreytt.
Tengiorð	3	Eitt tengiorð er notað eða texti er án tengiorða.	Tvö mismunandi tengiorð eru notuð.	A.m.k. þrjú mismunandi tengiorð eru notuð.
Greinarmerki	4	Upphrópunarmerki eða spurningamerki eru sjaldan rétt notuð.	Upphrópunarmerki eða spurningamerki eru yfirleitt rétt notuð.	Upphrópunarmerki og spurningamerki eru rétt notuð.
Athugasemdir				

UPPBYGGING TEXTATEGUNDAR				
		Þarfnast þjálfunar	Á góðri leið	Viðmiði náð
Heiti	5	Heiti vantar á söguna.	Sagan hefur heiti sem er almenns eðlis og/eða fengið að láni.	Sagan hefur heiti sem tengist meginefni hennar.
Kynning	6	Einhver sögupersóna eða hlutverk hennar er nefnt.	Helstu sögupersónur eða hlutverk þeirra eru nefnd.	Helstu sögupersónur eru kynntar.
	7	Sögusvið kemur ekki fram.		Sögusvið kemur fram.
Flækja	8	Engin atburðarás er merkjanleg.	Atburðarás er merkjanleg.	Atburðarás er skýr.
Lausn	9	Engin lausn á atburðarás er merkjanleg.		Atburðarás felur í sér lausn.
Athugasemdir				

MÁLNOTKUN				
		Þarfnast þjálfunar	Á góðri leið	Viðmiði náð
Málfar	10	Málfar er í slakara lagi og að nokkru leyti í samræmi við reglur málfræðinnar. ☐	Málfar er yfirleitt gott og að mestu leyti í samræmi við reglur málfræðinnar. ☐	Málfar er gott og í samræmi við reglur málfræðinnar. ☐
Viðfangsefni, tilgangur og viðtakandi	11	Nauðsynlegar upplýsingar skortir til að viðtakandi geti fylgt eftir söguþræði og efni texta. ☐	Nauðsynlegar upplýsingar eru yfirleitt veittar til að viðtakandi geti fylgt eftir söguþræði og efni texta. ☐	Nauðsynlegar upplýsingar eru veittar til að viðtakandi geti fylgt eftir söguþræði og efni texta. ☐
Athugasemdir				

SKRÁNING				
		Þarfnast þjálfunar	Á góðri leið	Viðmiði náð
Stafsetning	12	Stór stafur er sjaldan eða aldrei notaður við ritun sérnafna manna og dýra og við ritun staðarheita. ☐	Stór stafur er yfirleitt notaður við ritun sérnafna manna og dýra og við ritun staðarheita. ☐	Stór stafur er notaður við ritun sérnafna manna og dýra og við ritun staðarheita. ☐
	13	Algeng orð, þar sem framburður og ritháttur fara ekki saman, eru sjaldan rituð rétt. ☐	Algeng orð, þar sem framburður og ritháttur fara ekki saman, eru yfirleitt rituð rétt. ☐	Algeng orð, þar sem framburður og ritháttur fara ekki saman, eru rituð rétt. ☐
Skrift	14	Skrift er stundum læsileg þannig að merking texta kemst stundum til skila. ☐	Skrift er yfirleitt læsileg þannig að merking texta kemst yfirleitt til skila. ☐	Skrift er læsileg þannig að merking texta kemst til skila. ☐
Athugasemdir				